



Hof, séð frá Lykkju á fjöðra áragnum.

Ingólfs í Vík, er fyrst byggði Ísland. Þeirra synir voru þeir Þorgrímur og Arngrímur. Þeir voru báðir miklir og sterkir og hinir vasklegustu menn." Hér skakkar miklu um stærð landnámsins, enda þykja fræðimönnum þessi frásögn Kjalnesinga sögu ekki trúverðug.

Landnáma telur að öll börn Ketils flatnes hafi verið skírd, nema Björn í Bjarnarhöfn.

"Að Hofi á að hafa staðið í heiðni annað stærsta hof á Íslandi „60 feta breitt", en hitt að Hofi í Vatnsdal 120 feta langt. Hofin voru reist úr timbri eins og aðrar viðhafnarbyggingar að fornu. Að sögn Landnámu hefur því eitt mesta hof landsins og fyrsta kirkja staðið hér hvort andspænis öðru, tveir síðir í nýju landi." (Björn Þorsteinsson: Við þjóðveginn, bls. 17.)

Kirkja var svo seinna meir á Hofi. Söknaðarkirkja var þar samkvæmt tíundarlögunum frá 1096 og mun kirkja hafa staðið þar fram undir 1600. Eftir það flýst höfuðkirkjan að Brautarholti, en sú að Hofi leggst niður. Jarðabókin frá 1704 telur eigendur Hofis: „sr. Vigfús Ísleifsson prestur í Skafatellssýslu og hans bróðir Magnús Ísleifsson, lögréttumaður, búandi á Höfðabrekku í Skafatellssþingi. Þá ekkjan Hallfríður Snorradóttir til heimilis í Stafnesi og loks Kolbeinn Snorrason, búandi í Seljatungu í Flóa." Þá er getið um hjáleigumark Gröfartún og Presthús, sem reiknast til heimajarðarinnar.

Í Hofshverfinu eru auk Hofsbæjanna: Jörfi, Krókur og Lykkja. Bærinn stendur á hæð uppi frá Hofsvík og ber hátt. Viðsýnt er til allra átta.

Alkunnugt er, hve þjálfarnafnið Hof er algennt. Nafnið gefur til kynna fornan helgistað. Þar hafa menn tígnað guði sína og slegið upp blótveislum. Mörg hofin hafa verið helgistaðir að fornu. Merking nafnsins virðist á fyrri tímum hafa verið búgarður eða einfaldlega bær.

Með hjáleigum og afbýlum hefur jörðin mjög dregist saman á liðnum öldum. Þó var landrými gott, sem náði milli fjalls og fjöru.

Árið 1948 var landið norðan þjóðvegjar og fjalllendið tekið undan en heimajörðin seld.

Land það sem undan var tekið er að meginhluta Hofsfloðin en þau voru engjarnar frá Hofi. Gerðist þetta við skipti á dánarbúi Þórðar Sveinssonar, prófessors, sem átti hafði jörðina.

Mörkin milli Hofis og Vallar eru sögð þannig 1967:

"Merkin móti Vallá eru úr grjótvörðum neðst á Klébergi, beint upp í Helguból, sem er grjóthóll, vestan við Vallargrúndir, þá beint um Hrafnakletta, sem eru tveir einstakir klettir nokkuð fyrir ofan miðja Esju, og upp á Smáþúfur, sem eru þrír grjóthólar hæst á fjallinu" (Örnefnaskrá 1967).

Grjótvörðar fyrirfinnst engin lengur á Kléberginu.

Að vestan voru merkin móti Lykkju og Krök og í átt til fjalls í grjótvörðum í Strýthólum. Strýthólar eru klapparhólar rétt fyrir ofan veginn ofarlega í gamla Hofslandi.

Í heimatúnnu á Hofi eru tvö merk örnefni, sem minna á forna tíð. Goðhöll er klapparhöll ofan við láglandið, en neðan hans var kviksyndi, sem hét Blótikelda. Nú er skurður eftir henni.

Neðan við Hof gengur tangi í sjó fram, Hofstangi. Austan hans eru Hofsbakkar. Af þeim hrytur stöðugt. Þar var um skeið funda- og sam-

komuhús hreppsbúa, en var að lokum orðið lélegt og var rífið, efnið selt fyrir litliræði.

Seinna var pipuverksmiðja rekin um nokkurt skeið á Hofsbökkum.

Sement var flutt á báti úr Reykjavík, en rörin steypt hér uppfrá. Síðan var pipunum skipað út við byggjuna vestan við Hofstangann. Þaðan fór einnig fram flutningur á mjólk og aðfluttum vörum þeirra hreppsbúa, sem notuðu sjóleiðina til flutninga.

Nokkrir menn úr nágrenninu unnu við pipugerðina.

Á Hofstanga mótar fyrir grétti. Eru það menjar um skotbyrgi, sem hermenn stríðsáranna grófu þarna og hlóðu.

Hofsland var mest myrlandi og klapparholt. Um Hofsfloðin er áður getið. Þau eru nú framræst og þar er mikil nýrækt. Jarðvegur er djúpur og halli landsins göður. Eigandinn hafði um skeið áhuga á því að reisa þarna nýbýli og byggja þá helst í grennd við Strýthóla. Þaðan er mjög viðsýnt. Af þessari ráðagerð varð þó ekki, en væntanlegt býli hlaut þó nafn. Esjubær skyldi það heita.

Vestan við Helguból er Aurinn. Þar var Aurbrú, sem var snidduhlaðinn vegur og náði ofan frá fjalli og niður á Grundarholt.

Við Helguból var mjög lifseigur draugur, Helgubólssdraugur. Sagt var, að hann villti um fyrir mönnum, en áttu leið um Aurbrú.

Túnið á Hofi var fyrr meir talið með þeim stærri í sveitinni. Eftir að jörðin fór úr ábúð hafa tün þar lítt verið nýttuð, helst til hrossabeitar.

Hrognelsaveiði var til hlunninda. Var sú veiði áður mikið stunduð úr Hofshverfinu á vorin.

Fiskur fékkst stundum út af Kjalamestöngum eða í mynni Hvalfjarðar. Jarðabókin frá 1704 getur um Hofsel hin gömlu á Blíkald. Ætla má að þar hafi verið selsstaða fyrr á öldum.

Þjóðvegur liggur fast við heimatúnið.

1883-1898

Bjarni Sigurðsson, f. 12. ágúst 1853 í Þerney, Kjalameshr., d. 29. maí 1924 á Brimilsvöllum, bóndi og hreppstjóri í Króki og á Hofi, Kjalameshr., Kjós., en lengst á Brimilsvöllum, Fróðárh., Snæf.

For.: **Sigurður Tómasson**, bóndi og formaður í Þerney, f. 5. júní 1818 á Brennistöðum, Borgarh., Mýr., d. 19. október 1862, og k.h. **Guðrún Sigríður Þorsteinsdóttir**, f. 27. júlí 1822 á Stokkahlöðum, Hrafnagilsh., Eyjaf., d. 8. apríl 1894.

Föðurfor.: **Tómas Sigurðsson**, bóndi á Brennistöðum, í Háuhjáleigu á Akranesi, síðar bóndi og hreppstjóri á Kalastöðum, Hvalfjarðarstrandarh., Borg., f. 12. maí 1790 á Flóðatanga, Stafholtstungunahr., Mýr., d. 11. október 1839, og k.h. **Alfira Þórðardóttir**, f. um 1787 í Suðurríki, Borgarh., Mýr., d. 23. apríl 1846.

Móðurfor.: **Þorsteinn Gíslason**, bóndi, hreppstjóri og skáld í Kristnesi, á Stokkahlöðum, á Grísaró og á Finnastöðum, Hrafnagilsh., f. 7. febr. 1776 í Kristnesi, d. 20. febr. 1838, og k.h. **Sigríður Árnadóttir**, f. 1. ágúst 1787 á Vöglum, Hrafnagilsh., d. 24. ágúst 1849.



Bjarni Sigurðsson.



Vigdís Sigurðardóttir.

- K. 9. nóv. 1883. **Vigdís Sigurðardóttir**, f. 9. ágúst 1850 á Sandi, Kjósarh., Kjós., d. 29. ágúst 1936.

For.: **Sigurður Ólafsson**, bóndi á Sandi, f. 13. júlí 1816 á Þorlaksstöðum, Kjósarh., d. 29. nóv. 1901, og k.h. **Agata Guðmundsdóttir**, f. 14. júlí 1811 á Sandi, d. 26. nóv. 1878.

Föðurfor.: **Ólafur Bjarnason**, bóndi á Þorlaksstöðum og Flekkudal, Kjósarh., f. 4. júní 1786 á Eyjum, d. 23. des. 1857, og f.k.h. **Vigdís Guðmundsdóttir**, f. í mars 1790 á Eyjum, d. 11. nóv. 1820.

Móðurfor.: **Guðmundur Eyjólfsson**, óðalsbóndi á Sandi, f. 22. nóv. 1779 á Eyjum, d. 15. maí 1862, og k.h. **Krístín Guðmundsdóttir**, f. (sk. 15. október) 1787 í Eilífðdal, Kjósarh., d. 9. jan. 1870.

Börn þeirra: a) **Guðrún Sigríður**, f. 24. sept. 1884, b) **Áslaug**, f. 22. október 1886, c) **Ólafur**, f. 10. apríl 1889, d) **Áslaug**, f. 6. júní 1893, e) **Lára**, f. 22. nóv. 1895.

A **Guðrún Sigríður Bjarnadóttir**, f. 24. sept. 1884 (bkók. 26.) á Hofi, d. 20. des. 1952, húsfreyja í Ólafsvík. - M. 16. júní 1909, **Jón Adolph Proppe**, f. 28. apríl 1879 í Hafnarfirði, d. 6. jan. 1948, verslunarstjóri í Ólafsvík, síðar bókhaldari í Reykjavík. Börn þeirra: a) **Helga**, f. 17. maí 1910 í Ólafsvík, d. 1. apríl 1989, húsfreyja í Hafnarfirði, b) **Audur**, f. 30. október 1921 í Ólafsvík, d. 8. des. 1993, lofskeytamaður í Reykjavík.



Guðrún Sigríður.

B **Áslaug Bjarnadóttir**, f. 22. október 1886 á Hofi, d. 28. febr. 1888.

C **Ólafur Bjarnason**, f. 10. apríl 1889 á Hofi, d. 3. ágúst 1982 í Reykjavík, bóndi og hreppstjóri á Brimilsvöllum, Fróðárh., Snæf. - K. 11. júlí 1915, **Krístína Krístjánsdóttir**, f. 4. ágúst 1885 á Norður-Bár í Eyarsveit, Snæf., d. 29. nóv. 1960 í Reykjavík, kennari. Börn þeirra: a) **Sigurður**, f. 7. mars 1916 á Brimilsvöllum, d. 14. ágúst 1993, lyfsali í Reykjavík, b) **Rögnvaldur**, f. 18. júlí 1917 á Brimilsvöllum, d. 24. nóv. 1994, frystihússtjóri á Hellisandi, c) **Hrefna**, f. 26. apríl 1919 á Brimilsvöllum, d. 6. jan. 1934, d) **Þjórg**, f. 19. mars 1921 á Brimilsvöllum, húsfreyja í Reykjavík, e) **Bjarni**, f. 30. jan. 1923 á Brimilsvöllum, stöðvarstjóri hjá Pósti og síma í Ólafsvík, f) **Krístján**, f. 7. október 1924 á Brimilsvöllum, d. 7. október 1945, g) **Hlíf**, f. 23. nóv. 1927 á Brimilsvöllum, deildarmeinautaknir í Reykjavík.



Ólafur.

D **Áslaug Bjarnadóttir**, f. 6. júní 1893 á Hofi, d. 24. mars 1894.

E **Lára Bjarnadóttir**, f. 22. nóv. 1895 á Hofi, d. 21. maí 1982, kaupmaður og húsfreyja í Ólafsvík. - M. 1. október 1925, **Jón Gíslason**, f. 18. júlí 1895 í Hjarðarholti, Laxárdalsh., Dal., d. 16. mars 1952, póstaðgreiðslumaður og kaupmaður. Börn þeirra: a) **Birna**, f. 5. nóv. 1927 í Ólafsvík, húsfreyja í Kópavogi, b) **Hörður**, f. 8. febr. 1929 í Ólafsvík, d. 12. febr. 1949, vélstjóri, c) **Úlfjótur**, f. 30. júní 1930 í Ólafsvík, kennari í Ólafsvík, d) **Gísli**, f. 3. ágúst 1931 í Ólafsvík, bifreiðarstjóri í Ólafsvík, síðar húsvörður í Reykjavík.



Lára.

1889-1894

Bjarni Jónsson, bóndi, og f.k.h. **Guðrún S. Þorsteinsdóttir**, og s.k.h. **Dilja Ólafsdóttir**. - Sjá um þau við Bjarg.

1898-1899

Ólafur Þórður Eyjólfsson, f. 20. ágúst 1839 í Lykkju, Kjalameshr., d. 2. des. 1917, bóndi á Hofi, síðar í Reykjavík.

For.: **Eyjólfur Ólafsson**, bóndi og bókbíndari á Lykkju, f. 12. ágúst 1811 á Blíkastöðum, Mosfellsrh., Kjós., d. 18. júlí 1846, og k.h. **Dilja Þórðardóttir** (var f.m. Dilljör), f. 17. nóv. 1813 í Saurbæ, Kjalameshr., d. 20. maí 1865.

Föðurfor.: **Ólafur Guðmundsson**, bóndi á Blíkastöðum, Mosfellsrh., Kjós., f. 1779 í Leirvogstungu, Mosfellsrh., d. 1. júní-júlí 1816, og k.h. **Helga Loftsdóttir**, ljósmóðir, f. (sk. 18. júlí) 1778 í Austurbæ, Kjalameshr., d. 26. sept. 1859.

Móðurfor.: **Þórður Ólafsson**, bóndi og hreppstjóri í Saurbæ, Kjalameshr., f. 1759 á Vallá, Kjalameshr., d. 30. maí 1834, og k.h. **Sigríður Þórólfsdóttir**, f. 16. ágúst 1775 í Engey, Seltjarnarnesh., Kjós., d. 20. jan. 1842.

- K. 18. október 1867, **Ástríður Jónsdóttir**, f. 17. sept. 1845 á Hofi, d. 10. maí 1923.

For.: **Jón Runólfsson**, bóndi á Hofi, f. 12. sept. 1799 í Lambhúsum, d. 28. maí 1865, og k.h. **Ástríður Sigurðardóttir**, f. 10. október 1804 á Króki, Kjalameshr., d. 20. maí 1866.

Föðurfor.: **Runólfur Magnússon**, bóndi m.a. á Ketilstöðum, Mógilsá og Brautarholti á Kjalarnesi, síðast hjá syni sínum í Hofi, f. 1773 á Bakka, (sk. 10. nóv.), d. 11. apríl 1844, og k.h. **Sigríður Ólafsdóttir**, f. 1763.

Móðurfor.: **Sigurður Þórólfsdóttir**, bóndi á Jörfa og Hofi, Kjalameshr., f. 22. sept. 1776 í Engey, d. 22. maí 1852, og k.h. **Margrét Loftsdóttir**, f. í sept. 1772 í Austurbæ, d. 27. febr. 1829.

Börn þeirra: a) stúlka, f. 9. ágúst 1867, b) **Dilja**, f. 26. febr. 1869, c) **Margrét**, f. 28. júlí 1870, d) **Jón**, f. 10. des. 1871, e) **Guðjón**, f. 17. júlí 1876, f) **Eyjólfur**, f. 12. apríl 1878, g) **Guðrún**, f. 31. júlí 1879, h) **Sigurlaug**, f. 17. apríl 1884, i) **Helga**, f. 21. júní 1885, j) **Eyjólfur**, f. 12. mars 1891.

- Barnsmóðir: **Krístín Krístjánsdóttir**, f. 5. júlí 1840 á Hrafnhólum, d. 17. jan. 1904, vinnukona í Lykkju og á Minna-Mosfelli.

For.: **Krístján Björnsson**, bóndi á Hrafnhólum, Kjalameshr., f. um 1794 í Garðasökn, d. 15. febr. 1868, og k.h. **Ingibjörg Guðlaugsdóttir**, f. 23. mars 1800 í Keldnasökn, d. eftir 1868.

Barn þeirra: k) **Simon**, f. 19. apríl 1864.

- Barnsmóðir: **Ingunn Grímsdóttir**, f. 15. sept. 1849 á Ketilstöðum, d. 16. jan. 1924, vinnukona í Lykkju.

For.: **Grímur Grímsson**, bóndi á Ketilstöðum, Kjalameshr., o.v., f. 1. júlí 1809 í Lykkju, d. 30. ágúst 1875, og k.h. **Helga Jónsdóttir**, f. 14. maí 1807 á Morastöðum, Kjósarh., d. 17. jan. 1876.

Barn þeirra: l) **Fríðrik**, f. 5. jan. 1874.

A **Stúlka Bjarnadóttir**, f. andvana 9. ágúst 1867 á Hofi.

B **Dilja Ólafsdóttir**, f. 26. febr. 1869 á Hofi, d. 13. des. 1941, húsfreyja í



Fv.: Margrét, Ástríður Guðmundsdóttir og Ástríður Jónsdóttir.